

Alþingi
Erindi nr. P 139/2011
komudagur 20.4.2011



Reykjavík 18. apríl 2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um norræna hollustumerkið Skáargatið, Þskj. 831 — 508. mál, 139. löggjafarþing 2010–2011.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi fagna þingsályktunartillögu um að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra beiti sér fyrir því að unnt verði að taka upp norræna hollustumerkið Skrárgatið á matvörur sem framleiddar eru hérlendis.

Mikil neysla barna og ungmenna á sætindum svo og aukin þyngd þeirra er áhyggjuefni. Að mati Barnaheilla – Save the Children á Íslandi telja samtökin að hollustumerki eins og skrárgatið geti stuðlað heilbrigðari matarvenjum hjá börnum og fullorðnum. Skrárgatið mun auðvelda fólki að velja holl matvæli, þar sem merkið gefur neytendum færi á að velja hollan mat án mikillar fyrirhafnar.

Virðingarfyllst

f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi


Petrína Ásgeirsdóttir
framkvæmdastjóri

Barnaheill – Save the Children eru leiðandi frjáls félagasamtök sem vinna að mannréttindum barna um allan heim. Sýn samtakanna er heimur þar sem réttur sérhvers barns til lífs, verndar, þroska og þátttöku er virtur. Markmið Barnaheilla – Save the Children er að vekja heiminn til vitundar um stöðu barna og ná fram tafarlausum og ævarandi breytingum í lífi þeirra. Samtökin hafa Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi í öllu sínu starfi.